

Ár 1981, þriðjudaginn 10. nóvember, var í málinu nr. 15/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi


ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að fyrir uppboðsrétti Reykjavíkur hefur risið ágreiningur milli Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Jóns Guðjónssonar eiganda fasteignar að Hverfisgötu 50 um lögmæti álagningar fasteignagjalda á árinu 1980. Af því tilefni óskaði gjaldheimtustjóri eftir úrskurði nefndarinnar um lögmæti álagningarinnar. Eiganda eignarinnar var gefinn kostur á því að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum, en frá honum hefur engin greinargerð borist.

Yfirfasteignamatsnefnd úrskurðar aðeins um gjaldskyldu og gjaldstofn fasteignaskatts, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er um að ræða 82 m² iðnaðarhúsnæði í (fasteignaskrá auðkennt númerinu 03 01 01), sem að meðöldum lóðarréttindum var metið á kr. 17.690.000,- í fasteignamati því; sem tók gildi 1. desember 1979. Samkvæmt því verður ekki séð af þeim gögnum, sem fyrir hendi eru, að álagning fasteignaskatts 1981 sé ólögmæt.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :


Fasteignaskattur af ofangreindri fasteign Jóns Guðjónssonar að Hverfisgötu 50 í Reykjavík var löglega álagður árið 1980.



Gaukur Jörundsson.



Guðmundur Magnússon.



Pétur Stefánsson.